



Útboðsskilmálar

vegna kaupa Seðlabanka Íslands á íslenskum krónum

í skiptum fyrir erlendan gjaldeyri

Viðskiptadagur: 3. október 2012

1. Seðlabanki Íslands kallar hér með eftir tilboðum um sölu á íslenskum krónum gegn greiðslu reiðufjár í erlendum gjaldeyri. Viðskiptavökum á millibankamarkaði með gjaldeyri er boðið að hafa milligöngu um kaupin í eigin nafni. Útboðið er liður í afléttingu hafta á fjármagnsviðskiptum með gjaldeyri, til samræmis við áætlun Seðlabankans um afléttingu gjaldeyrishafta frá 25. mars 2011, og er útboðið framkvæmt á grundvelli 1. mgr. 18. gr. laga nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands. Fjármagnshreyfingar í innlendum gjaldeyri, til tryggingar og/eða uppgjörs viðskipta samkvæmt útboði þessu, og ráðstöfun á erlendum gjaldeyri sem þátttakendur eignast við uppgjör viðskipta á grundvelli samþykktra tilboða í útboði þessu, eru undanþegnar takmörkunum laga nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, sbr. 13. gr. o þeirra laga.
2. Heildarmagn íslenskra króna (útboðsfjárhæð) sem Seðlabankinn býðst til að kaupa verður ákveðið eftir að frestur til að skila inn tilboðum rennur út. Seðlabankinn áskilur sér allan rétt til að ákvarða útboðsfjárhæðina.
3. Viðskiptavakar senda tilboð til Seðlabankans í gegnum Bloomberg milli kl. 13:00 og 14:00 á viðskiptadegi (samkvæmt staðartíma á Íslandi). Frestur til að skila inn tilboðum rennur út miðvikudaginn 3. október 2012 kl. 14:00 (viðskiptadagur). Niðurstöður útboðsins verða birtar á heimasíðu Seðlabankans í lok viðskiptadags og sendar viðskiptavökum í gegnum Bloomberg. Viðskiptavakar sjá svo um að tilkynna sínum viðskiptamönnum um niðurstöður uppbóðsins.
4. Útboðsfyrirkomulag verður með þeim hætti að öll samþykkt tilboð bjóðast fjárfestum á sama verði (e. single price). Lægsta samþykktta verð ræður útboðsverði. Seðlabankinn áskilur sér allan rétt til þess að ákveða útboðsverð eftir að tilboðsfrestur rennur út. Tilboðum *yfir* útboðsverði er tekið að fullu, tilboðum *undir* útboðsverði er hafnað að fullu, og tilboð sem eru *jafnhá* útboðsverði verða samþykkt hlutfallslega (*pro rata*).
5. Seðlabankinn áskilur sér rétt til að samþykkja öll tilboð sem berast, hafna þeim að hluta eða hafna þeim öllum.
6. Viðskiptavakar (nú Arion banki, Íslandsbanki og Landsbankinn), þ.e. þeir sem eru aðilar að millibankamarkaði með gjaldeyri sbr. 1. gr. reglna nr. 1098/2008 um gjaldeyrismarkað, skulu safna tilboðum sinna viðskiptamanna um sölu á íslenskum krónum. Tilboð þeirra í millum skulu vera skuldbindandi, með þeim fyrirvörum sem leiða af útboðinu. Viðskiptavakar skulu leggja fram tilboð til Seðlabankans *í eigin nafni*. Viðskiptavökum er heimilt að leggja fram eins mörg tilboð og þörf krefur með hliðsjón af sölutilboðum viðskiptamanna þeirra.
7. Viðskiptavakar skulu einungis safna þeim tilboðum sem annað hvort stafa frá viðskiptamönnum sem eru erlendir aðilar eða þá sem byggja á krónueign innlendra aðila í erlendum bönkum enda hafi hún verið í samfelldu eignarhaldi viðkomandi aðila frá 28. nóvember 2008. Tilboðum sem stafa frá annars konar aðilum skulu undanskilin þátttöku. Þá skulu tilboð einungis byggja á fjármunum sem stafa af og/eða beinast að fjármagnsviðskiptum (e. capital account transactions). Tilboð sem byggja á fjármunum sem stafa af almennum utánríkisviðskiptum (e. current transactions) skulu undanskilin þátttöku. Skilgreining *erlendra* og *innlendra aðila* fer skv. lögum nr. 87/1992 um gjaldeyrismál. Skilgreining *tekna vegna almennra utánríkisviðskipta* miðast við það sem kveðið er á um í d-lið XXX. gr. stofnsáttmála Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.
8. Tilboð skulu að lágmarki innihalda upplýsingar um fjárhæð, fjölda íslenskra króna sem boðnar eru til sölu, og verð (krónur pr. evru með tveimur aukastöfum). Lágmarksfjárhæð í hverju tilboði viðskiptavaka skal vera eitt hundrað milljónir króna, og skulu boð vera þannig að tilboðin hlaupi á heilum milljónum króna. Hið sama skal eiga við um hvert og eitt sölutilboð sem viðskiptavaki tekur við frá viðskiptamanni.
9. Viðskiptavaki skal leggja inn krónu fjárhæð fyrir gjaldeyri skv. samþykktum tilboðum inn á reikning Seðlabankans 0001-26-40083 fyrir kl. 10 þann 5. október 2012. Gjaldreyrinn verður afhentur inn á evru reikning viðskiptavaka fyrir daglok 5. október, samkvæmt greiðslufyrirmælum (sem skulu berast fyrir lok dags 3. október 2012). Efni viðskiptavaki ekki tilboð sitt, áskilur Seðlabankinn sér rétt til að rifta kaupum þá þegar, og taka öðru boði, og ennfremur til að krefja viðskiptavaka um hæstu lögleyfðu dráttarvexti fyrir þann tíma sem greiðsla dregst; allt án frekari fyrirvara, og án ábyrgðar gagnvart viðskiptamanni viðskiptavakans.
10. Eigi síðar en þriðjudaginn 9. október 2012 skal viðskiptavaki afhenda viðskiptamanni gjaldeyri til samræmis við það sölutilboð viðskiptamanns sem viðskiptavaki samþykkti fyrir sitt leyti. Viðskiptavaki skiptir keyptum gjaldeyri milli sinna viðskiptamanna, hvort sem er að fullu eða að tiltölu (*pro rata*), til samræmis við þau sölutilboð sem viðskiptavaki safnaði saman, og er öll útteiling gjaldeyris á ábyrgð viðskiptavaka.
11. Ef tilboð berst ekki til Seðlabankans vegna kerfisgalla eða einhverra annarra ástæðna þá firrir Seðlabankinn sig allri ábyrgð. Seðlabankinn hefur heimild til að fella niður útboð í heild sinni vegna tæknilegra örðugleika. Viðskiptavakar geta óskað staðfestingar á móttöku tilboða hjá Markaðsviðskiptum og fjárstýringu Seðlabanka Íslands. Tilboð sem berast til Seðlabankans merkt ákveðnum skjám í Bloomberg eru bindandi og á ábyrgð þess aðila sem skráður er fyrir skjánum. Heimilt er að afturkalla eða breyta tilboði, enda sé það gert í gegnum Bloomberg og það berist Seðlabankanum fyrir kl. 14:00 á útboðsdegi.
12. Skilmálar þessir gilda milli Seðlabankans og viðskiptavaka sem þátttakanda í útboðinu. Seðlabankinn ber ekki ábyrgð á neinum skuldbindingum viðskiptavaka gagnvart viðskiptamanni vegna gjaldeyrsviðskipta þeirra á milli og sem leiða af þátttöku viðskiptavaka í útboðinu.
13. Skilmálar þessir eru þýddir yfir á ensku en íslenski textinn gildir.